



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík, 19. desember 2024

*Tilvísun: 2022120128*

Umboðsmaður Alþingis  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík

Vísað er til erindis umboðsmanns, dags. 21. desember 2022, þar sem óskað er eftir viðbrögðum ríkislögreglustjóra við tilmælum og ábendingum sem beint var að embættinu í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á Akureyri og Siglufirði 23. og 25. maí 2022 á grundvelli OPCAT-eftirlits.

Í skýrslunni er m.a. vikið að framkvæmd myndvöktunar í fangaklefum lögreglustöðvarinnar á Akureyri og þeirri ábendingu beint til ríkislögreglustjóra að taka til skoðunar hvort tilefni sé til að gera tillögur að almennum fyrirmælum að verklagi við myndvöktun í fangaklefum. Þörf lögregluembættanna fyrir myndvöktun í fangaklefum er misjöfn og myndvöktun ekki viðhöfð hjá þeim öllum. Lögregluembættin eru hvert um sig ábyrgðaraðili að vinnslunni og um hana fer samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eða eftir atvikum lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Embættið mun skoða hvort kveða mætti á um meginreglur við framkvæmd myndvöktunar í fangaklefum í almennum verklagsreglum um aðbúnað og lágmarksviðmið fyrir fangageymslur lögreglunnar.

Í skýrslu umboðsmanns er jafnframt vikið að gerð sérstaks upplýsingablaðs fyrir börn sem vistuð eru í fangageymslum. Í viðbrögðum dómsmálaráðuneytis við ábendingum umboðsmanns vegna skýrslunnar, dags. 16. ágúst sl., kemur fram að upplýsingablaðið hafi verið í vinnslu í ráðuneytinu í samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra, umboðsmann barna og Barna- og fjölskyldustofu en einnig hafi verið haft samráð við ríkissaksóknara. Upplýsingablaðið er nú á lokastigi samráðs.

Að því er varðar þjálfun og fræðslu afleysingafólks sem starfar við gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslum þá hefur Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar rekið kennsluvef fyrir lögregluembættin frá árinu 2020 þar sem nálgast má námsefni, upplýsingar um hæfniviðmið, tillögur að dagskrá námsleiða og leiðarvísir fyrir embættin til að vinna eftir við þjálfun og fræðslu afleysingafólks. Minni háttar uppfærslur á efni kennsluvefsins eru reglulega kynntar lögregluembættum. Í samræmi við beiðni dómsmálaráðuneytis sem getið er um í tilvísuðum viðbrögðum ráðuneytisins verður efni á kennsluvefnum yfirfarið í heild sinni og kynnt lögregluembættum á ný áður en námskeið fyrir sumarafleysingafólk hefjast næsta sumar. Sérstök áhersla verður lögð á að bæta námsefni fyrir afleysingafólk sem starfar við gæslu þeirra sem vistaðir eru í fangageymslum.

Að öðru leyti er vísað til fyrri viðbragða embættis ríkislögreglustjóra við ábendingum umboðsmanns vegna heimsóknar í fangageymslur lögreglustjórans á Suðurnesjum, sbr. bréf embættisins dags. 13. apríl 2023, sem og þeirrar umbótavinnu sem getið er um í viðbrögðum ráðuneytisins og stjórnvöld vinna nú að í fullnustumálum almennt, m.a. með breytingum á húsnæði fangelsanna og auknum fjárveitingum í málaflokkinn.

Beðist er velvirðingar á tögum sem hafa orðið á viðbrögðum ríkislögreglustjóra.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Erna S. Sigurðardóttir.

Erna Sigríður Sigurðardóttir

F.h. RLS

Brynja Kristinsdóttir.

Brynja Kristinsdóttir